

Stjórnar fundur GFFÍ, messenger video spjall.

Mættir:

Anna María Flygenring, Anna María Lind Geirsdóttir, Helena Hólm, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon.

9. janúar 2023 kl. 20:00

1. Ritari GFFÍ Eydís Rós Eyglóard hætti snögglega með tilkynningu til stjórnar í FB hópinn. Ekki hefur náðst í hana. Varamaður AMLG tekur við embættinu.
2. Brynjar gjaldkeri að safna undirskriftum til að ganga frá prókúru fyrir embætti sitt. Sendir með landpóstinum.
3. Jo Ann Myers kemur til landsins í febrúar og vill hitta geitabændur. Tillaga frá AMFL að hittast hjá Helenu Hólm, Helena ætlar að athuga það.
4. Jo Ann Myers búin að senda erindi til RLM um að íslensku geiturnar hennar í BNA verði skráðar í Heiðrúnu.
5. Taka átti 3 geitur til rannsóknar á verndandi geni gegn riðu: Eina með verndandi gen frá báðum foreldrum, eina frá öðru foreldri og eina "venjulega". Það átti að sækja þær á Háafelli og fara með á Keldur og taka heilasýnin þar og síðan farga þeim. Ekkert orðið úr þessu enn. Vilhjálmur Svansson dýralæknir og deildarstj Keldum átti að sjá um að þetta yrði gert. Karólína var milligöngumaður um að þetta yrði gert. Geiturnar enn á lífi.
6. Guðni sendi fjárhagsáætlun vegna Hafrastöðvarinnar til LB ráðuneytis. Átti að taka sæði úr hafri frá Sif en varð ekki. Sæði var tekið úr 4 höfrum. 1 frá Möðrudal, 2 fullorðnir frá Háafelli, kiðhafur frá Birnu. Vantar skýrslurnar frá Birnu Kristínu Baldursd svo og uppfærða hafraskrá en seinasta var frá 2015.
7. Dýravelferð, það kom postur frá BÍ Heilbriggt dýr sem er vel sinnt og fær allar sínar kröfur um viðunnandi lífsgæði uppfylltar er í fullu samræmi við kröfur um dýravelferð á Íslandi. Dýravelferð og heilbrigði íslenskra dýra eru samofin gildi í meðferð á öllum dýrum.

Við erum að skoða sérstöðu Íslands í dýravelferðarmálum og langar mig að biðja ykkur að skoða og senda mér þær upplýsingar sem þið teljið skapa sérstöðu ykkar búgreinar. Þær upplýsingar, ásamt fleiri upplýsingum um málaflokkinn, getum við svo notað til að upplýsa með hreinskiptum og opnum hætti fagfólk, eftirlitsaðila sem og almennig.

Óþarfi er að útbúa eitthvað sérstakt gagn um þetta heldur má koma með ábendingar í tölvupósti.

Upplýsingar og ábendingar berist fyrir 1.febrúar.

Hlakka til að heyra frá ykkur.

Með kveðju

Guðrún Birna Brynjarsdóttir

Mikilvægt fyrir geitur; Þurr hús, gróft fóður, geitur hafa stökkþörf. Geitur eru ekki sauðfé. Koma í veg fyrir skyldleikarækt því stofninn er í útrýmingarhættu.

AMF hefur samband við Guðrúnu Birnu Brynjarsdóttir, spyrja hvað nákvæmlega er fiskað eftir.

Dæmi sem okkur dettur í hug að geitur þurfa umfram aðrar skepnur; þurrt hús gróft fóður, á ekki að meðhöndla sem fé.

8. Búgreinaping er í febrúar, AMF, HH, JBÞ, þurfa að mæta. BÞV er kandídat GFFÍ til formanns Geitfjárdeildar BÍ. AMF mun einnig nefna þetta við GBB. Þurfum að tryggja að Brynjar sé í Geitfjárdeildinni.

Fundargerð ritaði AMLG
Fundi slitið kl. 21:20